



BORG Í SVEIT

2. júní

ALVÖRU SVEITADAGUR



TAKTU DAGINN FRÁ!

Þennan dag taka fyrirtæki, bændur og einstaklingar í sveitarfélaginu höndum saman, hafa opið hjá sér og bjóða gesti og gangandi velkomna í heimsókn.

Nánari dagskrá auglýst síðar.

Tónleikar með Jógvan Hansen og Pálma

Sigurhjartarsyni í félagsheimilinu Borg kl. 21:00



SJÁUMST

Kveðja, íbúar og fyrirtæki í

Grímsnes- og Grafningshreppi



www.gogg.is

[www.facebook/Borg í sveit](https://www.facebook.com/Borg%20%F0%F5%F0%F2%F0%F5%F0%F2)

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:

linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ

Máí 2018

Grímsnes- og  Grafningshreppur

ÍBÚAFUNDUR

Íbúafundur verður haldinn í Félagsheimilinu Borg

mánudaginn 14. maí nk. kl. 19:30

Dagskrá:

1. *Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps 2017.*
2. *Önnur mál.*

Sveitarstjórn





FUNDARGERÐ.

429. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 4. apríl 2018 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Jón Örn Ingileifsson í fjarveru Guðmundar Ármanns Péturssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti óskar eftir breytingu á áður útsendri dagskrá, þ.e. að dagskrárliður nr. 13 verði tekinn fyrir í upphafi fundar. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. mars 2018.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 21. mars 2018 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 69. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 20. mars 2018.

Mál nr. 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 69. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 20. mars 2018. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;



Sumaropnun frá 1. maí - 30. september.

- Virkir dagar: 9 - 21
- Laugardagar: 10 - 21
- Sunnudagar: 10 - 20

Verið velkomin heitt á könnunni

S: 486-4408

**Verzlunin Borg óskar eftir að ráða
sumarstarfsfólk.**

Uppl. gefur Radda í síma 891-7782



Leikfélagið Borg boðar til aðalfundar

Leikfélagið Borg heldur aðalfund sinn
föstudaginn 25. maí í Félagsheimilinu Borg kl 20:00

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf

Boðið verður uppá pizzur og bjór og vonumst við eftir
að sjá sem flesta.

Hundaeigendur athugið

Samkvæmt samþykkt um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi, nr. 60/2012 eiga allir hundar í sveitarfélaginu að vera skráðir á skrifstofu sveitarfélagsins og jafnframt eiga þeir að vera örmerktir, ormahreinsaðir og bólusettir.

Af gefnu tilefni vil ég minna hundaeigendur á að **lausaganga hunda í sveitarfélaginu er bönnuð** skv. sömu samþykkt og er handsömunargjald kr. 10.000,- í hvert skipti skv. gjaldskrá um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi, nr. 141/2012.

Samþykktina og gjaldskrána er hægt að lesa inn á heimasíðu sveitarfélagsins www.gogg.is

Nýverið var ráðinn hundafangari, Kristján E. Jónsson, fyrir sveitarfélagið og er fólk vinsamlegast beðið að snúa sér til hans ef vart verður við lausagöngu hunda.

Síminn hjá Kristjáni er 863-7149

Að gefnu tilefni !

Eigendur hunda eru ábyrgir fyrir því að þrifa upp eftir hundana sína, á það jafnt við á opnum svæðum sem og á gangstéttum og götum.



Sveitarstjóri

Mál nr. 3: Viðmiðunarreglur frístundar.

Fyrir liggja viðmiðunarreglur frístundar sem fræðslunefnd hefur samþykkt. Sveitarstjórn staðfestir viðmiðunarreglurnar samhljóða.

b) Fundargerð vinnufundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 26. mars 2018.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð vinnufundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 26. mars 2018. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Fríðagar í leik- og grunnskóla.

Rætt hefur verið í fræðslunefnd um lokun á leikskóladeild Kerhólsskóla sömu daga og grunnskóladeild, þ.e. um jól, páska og í vetrarfríum. Rannsóknir hafa sýnt fram á að leikskólabörn hafi jafnmikla þörf fyrir fri og grunnskólabörn. Leikskóli er hins vegar þjónusta sem verið er að veita og leggur fræðslunefnd til að boðið verði upp á niðurfellingu á leikskólajöldum þá fríðaga sem þau eru höfð heima. Jafnframt óskar fræðslunefnd eftir samþykki sveitarstjórnar að haldinn verði fyrirlestur á vordögum sem mun kynna kosti þess að ung börn eigi meiri tíma heima með foreldrum sínum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að greiða fyrir fyrirlesturinn en vísar niðurfellingu gjalda til formlegrar afgreiðslu fræðslunefndar.

c) Fundargerð 153. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 21. mars 2018.

Mál nr. 13, 14, 15 og 24 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 153. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 21. mars 2018. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 13: 1803028 - Nesjar lnr 170887: Hestvíkurvegur 8: Breytt afmörkun, stærð og heiti lóðar.

Fyrir liggur umsókn Gunnars Jónssonar, dags. 8. mars 2018 um breytingu á afmörkun, stærð og heiti fristundahúsaloðar úr landi Nesja með lnr. 170887. Samkvæmt meðfylgjandi lóðablaði er lóðin 1.890 m² að stærð og gert ráð fyrir að hún

fái heitið Hestvíkurvegur 8. Fyrir liggur samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við breytingu á afmörkun, stærð og heiti lóðarinnar og ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 14: 1611010 - Nesjavellir lóðir 3 - 11: Frístundalóðir: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundahúsalóða í landi Nesjavalla við Þingvallavatn. Í breytingunni er verið að breyta afmörkun nokkurra lóða innan skipulagssvæðis auk þess sem í skilmálum er gert ráð fyrir að ekki verði heimilaðar neinar framkvæmdir nema hefðbundið viðhald á núverandi húsum. Tillagan var grenndarkynnt fyrir öllum lóðarhöfum á svæðinu með bréfi dags. 26. október 2017 og með athugasemdafresti til 21. nóvember 2017. Tvær athugasemdir bárust. Einnig liggja fyrir viðbrögð Orkuveitu Reykjavíkur við athugasemdum í tölvupósti dags. 9. mars 2018. Sveitastjórn gerir ekki athugasemdir við að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt óbreytt og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda og að svara athugasemdum með vísun í umsögn landeigandans, Orkuveitu Reykjavíkur.

Mál nr. 15: 1803043 - Þórisstaðir 2 lóð 20 lnr 212301 og lóð 21 lnr 212302: Aukið byggingarmagn á lóðum: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Athos ehf., dags. 6. mars 2018 um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Þórisstaða 2. Óskað er eftir að heimilt verði að byggja allt að 150 m² frístundahús, að þakhalli verði frjálst og að ekki sér gerð krafa um timburhús. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagsbreytinguna og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa breytingu á skilmálum deiliskipulagsins til samræmis við önnur svæði innan sveitarfélagsins. Felur það í sér að miðað verði við að byggingarmagn miðist við nýtingarhlutfallið 0.03, að þakhalli geti verið á bilinu 0-60 gráður og ekki er gerð krafa um ákveðið byggingarefni. Á húsum þar sem þakhalli er minni en 14 gráður má veggghæð ekki vera hærri en 4 m. Þá má aukahús að hámarki vera 40 m².



Íþróttamiðstöðin Borg



Vetraropnun:

21. ágúst - 25. maí

Mánudaga - Fimmtudaga	kl. 14 - 22
Föstudaga	Lokað
Laugardaga - Sunnudaga	kl. 10 - 18

10. maí Uppstigningadagur kl. 10 - 18

Sumaropnun:

26. maí 2018 - 19. ágúst

Mánudaga - Föstudaga	kl. 10 - 22
Laugardaga - Sunnudaga	kl. 10 - 18

Opnunartími um Hvítasunnu:

Föstudag 18. maí	Lokað
Laugard. - Sunnud. - Mánud. 19. - 21. maí	kl. 10 - 18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530



Sími 899-2910
Maí 2018

www.pizzavagninn.is



Staðurinn sem kemur til þín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
3. maí	4. maí Brautarholt 18:00-20:30	5. maí Reykholt 18-21
10. maí Uppstigningardagur Lokað	11. maí Flúðir 18-21	12. maí Lokað í dag
17. maí Laugarvatn 18:00-20:30	18. maí Árnes 18:00-20:30	19. maí Reykholt 18-21
24. maí	25. maí Flúðir 18-21	26. maí Borg 18:00-20:30

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	13-16	13-15

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorlákssmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

Mál nr. 24: 1803002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 18- 75.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. mars 2018.

d) Fundargerð 51. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 15. mars 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 20. mars 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 20. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 2. febrúar 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 21. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 23. mars 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 15. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 19. febrúar 2018.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Úrskurður Yfirfasteignamatsnefndar í máli nr. 11/2017, Illagil 21, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur úrskurður Yfirfasteignamatsnefndar frá 20. mars s.l. í máli nr. 11/2017 vegna kæru eigenda Illagils 21, Grímsnes- og Grafningshreppi um álagningu fasteignaskatta. Úrskurðurinn lagður fram til kynningar.

4. Bréf frá Lögfræðistofu Reykjavíkur f.h. eigenda Hallkelshóla lóðar 119 þar sem óskað er leiðréttingar á fasteignagjöldum.

Fyrir liggur bréf frá Lögfræðistofu Reykjavíkur f.h. eigenda Hallkelshóla lóðar 119, dagsett 15. mars 2018 þar sem óskað er leiðréttingar á fasteignagjöldum. Sveitarstjórn felur lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

5. Tölvupóstur frá Jóhanni Hannessyni, viðskiptastjóra Inkasso þar sem vilji er til að halda kynningarfund fyrir sveitarstjórn um leiðir Inkasso í innheimtum fyrir sveitarfélög.

Fyrir liggur tölvupóstur frá viðskiptastjóra Inkasso, Jóhanni Hannessyni, dags. 27. mars 2018 þar sem vilji er hjá Inkasso að halda kynningarfund fyrir sveitarstjórn um leiðir Inkasso í innheimtum fyrir sveitarfélög. Sveitarfélagið er með samning við innheimtufyrirtækið Motus ehf. og hefur sveitarstjórn ekki hug á að segja þeim samningi upp. Erindinu hafnað.

6. Tölvupóstur frá Margréti Tryggvadóttur f.h. Sagna-samtaka um barnamenningu þar sem óskað er eftir styrk til verkefnisins „Sögur – verðlaunahátíð barnanna“.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Margréti Tryggvadóttur, f.h. sagna-samtaka um barnamenningu, dags. 19. mars 2018 þar sem óskað er eftir styrk til verkefnisins „Sögur – verðlaunahátíð barnanna“. Sveitarstjórn hafnar styrkbeiðninni.

7. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála, 389. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

8. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um lögheimili og aðsetur, 345. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

9. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 394. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá foreldrafélagi Kerhólsskóla þar sem óskað er eftir styrk til að standa straum að sameiginlegum fyrirlestri Foreldrasveitarinnar.

Fyrir liggur bréf frá Foreldrafélagi Kerhólsskóla, dagsett 28. mars 2018 þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 50.000 til að standa straum að sameiginlegum fyrirlestri Foreldrasveitarinnar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

11. Bréf frá Sveini Ívarssyni og Önnu S. Guðmundsdóttur þar sem



*Hortensiur, mikið úrval kryddjurtu
& sumarblóma einnig pottar og mold.*

Sumaropnun:

*Opið alla daga frá 25. maí
til 31. júlí frá 10 - 16*

Sími 669-0108 / 694-8405



SaumaKompan

Kringlu Grímsnesi

*Fataviðgerðir,
gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur*

Elsa Jónsdóttir

Sími 486 4515



Tökum að okkur STÓR og smá verk

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Trjáskurlun
- Pökulagningu
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfossi

óskað er eftir að deilisskipulagi verði breytt fyrir
Skyggnisbraut 2a og 2b.

Fyrir liggur bréf frá Sveini Ívarssyni og Önnu S. Guðmundsdóttur, dagsett 25. febrúar 2018 þar sem gerðar eru athugasemdir við vinnsluskjal sveitarstjórnar vegna endurskoðunar aðalskipulags. Gerðar eru athugasemdir við að aðalskipulagi Skyggnisbrautar verði breytt í samræmi við deilisskipulag svæðisins. Innsendar athugasemdir verða settar með í vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins.

12. Kauptilboð í Hvamma 30, Ásgarði.

Fyrir liggur kauptilboð í sumarhúslóð sveitarfélagsins við Hvamma 30 í Ásgarðslandi að fjárhæð kr. 3.500.000. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi kauptilboð og felur oddvita / sveitarstjóra að skrifa undir kaupsamninginn.

13. Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps.

Á fundinn kom ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps, þau Embla Líf Guðmundsdóttir, Helga Laufey Rúnarsdóttir, Sveinn Bergsson, Kristberg Ævar Jónsson, Jón Marteinn Ásgrímsson, Guðmundur Björgvin Guðmundsson ásamt starfsmanni þess, Gerði Dýrfjörð. Lagðar voru fram fjórar fyrirspurnir ungmennaráðs;

- I. Félagslíf og meira samstarf milli skóla.
- II. Félagsmiðstöðin Zetor verði opin fleiri kvöld í viku en eitt.
- III. Ástand Biskupstungnabrautarinnar.
- IV. Hvatning til að sópa Borgarsvæðið fyrir á vorin.
Sveitarstjóra falið að koma erindunum í farveg.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 264. stjórnarfundar 06.03 2018.
- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 185. stjórnarfundar 22.03 2018.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 858. stjórnarfundar, 23.03 2018.

- ✓ Bréf frá framkvæmdarstjóra HSK, Engilbert Olgeirssyni, dags. 23. mars 2018 vegna 96. Héraðsþings Skarphéðins þann 10. mars s.l.
- ✓ Héraðssambandið Skarphéðinn, ársskýrsla 2017.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:20



Grímsævintýri á Borg, 11. ágúst 2018

Við í Kvenfélagi Grímsness erum byrjaðar að huga að Grímsævintýrum á Borg sem verða 11. ágúst nk.

Tombóla, fjölskylduhátíð, handverks- og matarmarkaður.

Tekið er við borðapöntunum á markaðinn á netfangið: grimsaevintyri@gmail.com.

Ertu með þína framleiðslu í handverki eða mat sem þú vilt selja?

Endilega bókaðu borð á Grímsævintýrunum.
Lítið borð: 3.500kr Stórt borð: 4.500kr

**Fylgstu með viðburðinum á Facebook –
Grímsævintýri 11. ágúst 2018**

Kerhólsskóli fékk aðstoð frá hjálparseitinum Tintron við úthlutun bangsans Litla- Blæs þegar verkefnið hófst og Lionsklúbburinn Skjaldbreiður styrkir Vináttuverkefnið. Í leikskóladeildinni fara börn í vináttutíma einu sinni í viku og er verið að vinna að námskrá fyrir verkefnið.



Starfsmenn Kerhólsskóla

Lýðheilsuverkefni í Kerhólsskóla

Í vetur hefur annað af tveimur þeimum í Grænfánastarfi Kerhólsskóla verið lýðheilsa. Í tengslum við það hafa ýmis viðfangsefni verið tekin fyrir. Áhersla hefur verið lögð á hreyfingu og leiki og fjallað um þætti sem stuðla að heilbrigði. Einn liður í lýðheilsupemanu var skyndihjálparnámskeið. Starfsmenn skólans fóru á námskeið í janúar en um miðjan mars kom Díana Gestsdóttir frá Rauða krossinum og hélt tvö námskeið fyrir nemendur. Annað fyrir yngri börn og hitt fyrir þau eldri. Í framhaldi af heimsókn Díönu var haldin slysaæfing í íþróttamiðstöðinni. Kennarar settu upp stöðvar þar sem slys eða óhöpp höfðu átt sér stað. Nemendum var síðan skipt í tvo hópa sem skiptust á að leika slasaða og viðbragðsaðila á stöðvunum. Nemendur voru mjög ánægðir með heimsókn Díönu og sammála um að æfingin hafi tekist vel og verið mjög nauðsynleg.



Í lýðheilsupemanu hefur einnig verið unnið með vináttu og sjálfsmynd nemenda. Í leikskóladeildinni er unnið að verkefni sem nefnist „Vinátta“. Það er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti, ætlað leikskólum og fyrstu bekkjum grunnskóla. „Vinátta“ byggir á nýjustu rannsóknum á einelti, fylgt er ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem eru samofin öðru starfi skólans.



FUNDARGERÐ.

430. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 18. apríl 2018 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. apríl 2018.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. apríl 2018 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 70. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 9. apríl 2018.

Mál nr. 1, 2 og 6c þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 70. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 9. apríl 2018. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Vinnufundur.

Fyrir liggur tillaga fræðslunefndar þar sem óskað er eftir að dagvistunargjöld í leikskóladeild Kerhólsskóla verði felld niður,

fyrir þau börn sem ekki koma í skólann, þá daga sem grunnskólinn er lokaður. Dagarnir sem um ræðir eru jólafrí, páskafrí og vetrarfrí. Litið er á að þetta geti verið hvatning til foreldra að vera meira með börnum sínum. Að mati sveitarstjórnar er dagvistunargjald mánaðargjald og felst því ekki á tillöguna en horft verði til nýrrar fjölskyldustefnu.

Mál nr. 2: Skóladagatal.

Fyrir liggur skóladagatal næsta skólaárs, 2018-2019 fyrir Kerhólsskóla. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi skóladagatal en felst ekki á lokun leikskóladeildar milli jóla og nýjárs.

Mál nr. 6c: Fjölskyldustefna.

Fyrir liggur áskorun fræðslunefndar til sveitarstjórnar um að gerð verði fjölskyldustefna fyrir sveitarfélagið sem stuðlar að meiri samveru fjölskyldunnar. Sveitarstjórn felur tómstunda- og félagsmálafulltrúa sveitarfélagsins að undirbúa gerð fjölskyldustefnu á haustdögum.

b) Fundargerð 154. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 10. apríl 2018.

Mál nr. 18, 19, 20, 21, 22 og 28 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 154. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 10. apríl 2018. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 18: 1804004 - Þóroddsstaðir lnr 168295: Frístundabyggð við Stangalæk: Deiliskipulag.

Fyrir liggur umsókn Bjarna Þorkelssonar, dags. 21. mars 2018 um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Þóroddsstaða. Um er að ræða um 28 ha svæði í framhaldi af núverandi frístundabyggð og er gert ráð fyrir 40 nýjum frístundahúsalóðum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga með fyrirvara um minniháttar lagfæringar í samráði við skipulagsfulltrúa. Leita þarf nýrrar umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður vill þakka þeim sem sýndu okkur stuðning með komu sinni á Kótilettukvöldið hjá okkur 20. apríl síðastliðinn.

Einnig viljum við þakka eftirtöldum aðilum sem studdu við bakið á okkur þetta kvöld:

Ferningar ehf, Fjallableikja, Fjöruborðið, Húsasmiðjan, Minni Borgir, Kaffi Krús, Sundlaugin Borg, Verslunin Vala, Bykó, Ártangi, Jötunn Vélar, Hafið Bláa, Hótel Selfoss, Grímur Kokkur, Hæðargerði, Kayakferðir, Ölgerðin Egill Skallagrímsson og Dynjandi

Sumarkveðjur Lkl. Skjaldbreiður




Tombólan á Borg

Grímsævintýri á Borg, 11. ágúst 2018.

Nú í ár mun Kvenfélag Grímsneshrepps halda sína árlegu og víðfrægu tombólu í 92. sinn. Margar skemmtilegar uppákomur, sögur og minningar eru til í kringum Tombóluna á Borg.

Viltu leggja Tombólunni og Kvenfélaginu lið með vinningum? Endilega hafið samband við umsjónarkonur Tombólunnar 2018 og við munum taka glaðar á móti þínu framlagi ☺

Guðrún Gunnarsdóttir s. 848-3595
Díana Símonardóttir s.856-2719



Vorfundur Kvenfélags Grímsneshrepps verður fimmtudaginn 17. maí í Félagsheimilinu Borg kl. 18.00.

Við ætlum að hafa léttan, skemmtilegan fund þar sem við
föllum yfir helstu verkefni framundan,
föllum yfir starfið og tölum saman.

Gestir fundarins: Jenný Jóakimsdóttir, frá Kvenfélagasambandi
Íslands mun fræða okkur um Félagsmálahandbók KÍ. Eftir það
mæta Karen Jónsdóttir og Unnur Halldórsdóttir með gítar og
söng eins og þeim einum er lagið.

Einnig höfum við boðið kvenfélagskonum úr Laugardalnum í
heimsókn á fundinn.

Veitingar verða á staðnum, munum 1.000 kr. í kaffisjóð –
H-R-B verður selt á lágmarksverði.

Allar konur velkomnar, félagskonur sem aðrar ☺
Vonumst til á sjá ykkur sem flestar,

stjórnin



Óska eftir vönum manni í girðingavinnu.

Dísa Þórisstöðum sími 893-4478



Mál nr. 19: 1804008 - Írafoss- og Ljósafossvirkjanir lnr 168922 og 168926: Sogið: Deiliskipulag.

Fyrir liggur umsókn Landsvirkjunar, dags. 26. mars 2018 þar
sem tilkynnt er um að fyrirhugað sé að vinna deiliskipulag fyrir
virkjarnir í Soginu, Írafoss- og Ljósafossstöð. Fylgir með
uppdráttur sem sýnir fyrirhugað deiliskipulagssvæði.
Sveitarstjórn fagnar því að unnið sé deiliskipulag fyrir svæði
virkjana í Soginu og um leið sé unnið að lagfæringu á
skráningu lóða innan svæðisins.

Mál nr. 20: 1804009 - Steingrímsstöð lnr 170935: Sogið: Deiliskipulag.

Fyrir liggur umsókn Landsvirkjunar, dags. 26. mars 2018 þar
sem tilkynnt er um að fyrirhugað sé að vinna deiliskipulag fyrir
virkjarnir í Soginu, m.a. Steingrímsstöð. Fylgir með uppdráttur
sem sýnir fyrirhugað deiliskipulagssvæði. Sveitarstjórn fagnar
því að unnið sé deiliskipulag fyrir svæði virkjana í Soginu og
um leið sé unnið að lagfæringu á skráningu lóða innan
svæðisins.

Mál nr. 21: 1804010 - Minni-Borg lnr 169145: Leiðrétt stærð lóðar.

Fyrir liggur lóðablað yfir landeignina Minni-Borg lnr. 169145.
Er landið skráð 10.000 fm í fasteignaskrá en er skv. afmörkun á
meðfylgjandi lóðablaði 13.363 fm. Á lóðinni er í dag 764,7 m²
iðnaðarhús. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við breytta
stærð og afmörkun lóðarinnar og ekki er gerð athugasemd við
landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 22: 1804011 - Minni-Borg 168263: Minni-Borg 2: Stofnun lóðar.

Fyrir liggur lóðablað sem sýnir afmörkun 29,2 ha lóðar úr
landi Minni-Borgar lnr. 168263 og gert ráð fyrir að hún fái
heitið Minni-Borg 2. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins
þar sem spildan skarast á við landið Minni-Borg, golfvöllur
lnr. 208755.

Mál nr. 28: 1804001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 18- 76.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa
frá 6. apríl 2018.

- c) **Fundargerð 21. fundar framkvæmdarráðs Almannaþings, 23. mars 2018.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- d) **Fundargerð stjórnar Listasafns Árneseinga, 27. febrúar 2018.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- e) **Fundargerð stjórnar Listasafns Árneseinga, 10. apríl 2018.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Torfastaðir, lóð undir veiðihús.

Erindi vegna afsals frá Steindóri Guðmundssyni, dags. 13. apríl 2018 vegna lóðar undir sameiginlegt veiðihús á Torfastöðum 1 og 2. Sveitarstjórn fellur frá fyrri bókun sinni frá fundi sínum þann 9. september 2011. Sveitarstjórn lítur svo á að lóðin undir veiðihúsinu sé sameiginleg eign Torfastaða 1 og 2 og felur sveitarstjórnar / oddvita að undirrita afsal lóðarinnar.

4. Bréf frá Hermanní Sigurðssyni vegna deiliskipulags fristundarbyggðar í landi Ásgarðs.

Fyrir liggur bréf frá Hermanní Sigurðssyni, dagsett 14. apríl 2018 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið leiðrétti mistök sem gerð voru við breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Sveitarstjórn felur lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

5. Kauptilboð í Baulurima 39, Klausturhólum.

Fyrir liggur kauptilboð í sumarhúslóð sveitarfélagsins við Baulurima 39 í Klausturhólalandi að fjárhæð kr. 2.000.000. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi kauptilboð gegn staðgreiðslu. Oddvita / sveitarstjóra falið að skrifa undir kaupsamninginn.

6. Tölvupóstur frá Gunnari Gunnarssyni, íþrótt- og heilsufræðingi þar sem kannað er hvort sveitarfélagið hafi hug á að sækja um þátttöku í verkefninu „Heilsueflandi samfélag“.

Á fundi sveitarstjórnar þann 7. mars 2018 var oddvita falið að afla frekari gagna. Erindinu hafnað.



E-listi óháðra lýðræðissinna býður í vöflukaffi í Félagsheimilinu Borg, mánudagskvöldið 7. maí þar sem íbúum Grímsnes- og Grafningshrepps gefst tækifæri til að ræða við frambjóðendur.

Húsið opnar klukkan 20:00 og er opið til 22:00

Hlökkum til að sjá ykkur

Kveðja, frambjóðendur E-lista óháðra lýðræðissinna.



E-listi óháðra lýðræðissinna kynnir með stolti frambjóðendur sína til sveitarstjórnarkosninga árið 2018

1. Ása Valdís Árnadóttir markaðsstjóri Bíldsbrún
2. Björn Kristinn Pálmarsson verkamaður Borgarbraut 5
3. Smári Bergmann Kolbeinsson viðskiptafræðingur Eyvík
4. Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri Björk II
5. Karl Þorkelsson pípulagningarmaður Hraunbraut 27
6. Steinar Sigurjónsson heimspekingur Hólsbraut 5
7. Guðný Tómasdóttir svínabóndi Ormsstöðum
8. Sigrún Jóna Jónsdóttir sauðfjárbóndi Stóra-Hálsi
9. Pétur Thomsen myndlistarmaður Upphæðum 3
10. Guðmundur Finnbogason aðstoðarskólastjóri Úlfjótavatni



7. **Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti þar sem óskað er eftir upplýsingum frá sveitarfélaginu um hvernig hafi verið staðið að breytingum á fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.**

Fyrir liggur bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, dagsett 26. mars 2018 þar sem óskað er eftir upplýsingum frá sveitarfélaginu um hvernig hafi verið staðið að breytingum á fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Sveitarstjóra / oddvita falið að svara ráðuneytinu.

8. **Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Selholti, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 16. mars 2018 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Selholti, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

9. **Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat eigna í Illagili 6, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna í Illagili 6, dagsett 9. apríl 2018 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

10. **Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat eigna í Tjarnarlaut 11, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna í Tjarnarlaut 11, dagsett 3. apríl 2018 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

11. **Aðalskipulag Bláskógabyggðar, afmörkun sveitarfélagsmarka Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Pétri Inga Haraldssyni, skipulagsfulltrúa, dags. 12. apríl 2018 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins um afmörkun sveitarfélagsmarka Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps á svæði sem nær frá Þrasaborgum í Lyngdalsheiði að Skjaldbreið. Í aðalskipulagi Bláskógabyggðar eru sveitarfélagamörkin afmörkuð í samræmi við opinber gögn frá Landmælingum Íslands. Övissa er í gögnum Landmælinga um sveitarfélagamörk en ekki er

ágreiningur milli sveitarfélagana um mörkin. Nauðsynlegt er að niðurstaða fáið sem fyrst. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við aðalskipulagsupphætt Bláskógabyggðar.

12. Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-136/2017, Grímsnes- og Grafningshreppur gegn Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og íslenska ríkinu.

Fyrir liggur dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-136/2017, Grímsnes- og Grafningshrepps gegn Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og íslenska ríkinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að áfrýja dómnum til Hæstaréttar.

Til kynningar

- ✓ SASS. Fundargerð 531. stjórnarfundar 06.04 2018.
- ✓ Bréf frá Ungmennaráði UMFÍ þar sem greint er frá ályktun af Ungmennaráðstefnu UMFÍ, Ungt fólk og lýðræði sem haldin var á Hótel Borealis í Grímsnes- og Grafningshreppi, dagana 21.-23. mars 2018.
- ✓ Kvenfélag Grímsneshrepps, ársreikningur og ársskýrsla 2017.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:40

Umsóknir um ljósleiðara.

Nú líður að því að byrjað verði á vinnu við lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu.

Við minnum íbúa á að skila inn umsóknum til skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru á heimasíðu Grímsnes- og Grafningshrepps,


gogg.is

Þakkir frá nemendum

9. og 10. bekkjar

Kerhólsskóla

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður í Grímsnes- og Grafningshreppi veitti nýlega 9. og 10. bekk í grunnskóladeild Kerhólsskóla ágóða vegna sameiginlegs verkefnis þeirra, jólakortasölu. Upphæðin er 40.000 krónur og viljum við þakka þeim innilega fyrir samstarfið.



Mynd frá afhendingu ágóðans:

Ágúst, fyrir hönd Lionsklúbbsins, Kristberg Ævar, Jóhann Orri, Skafti og Sveinn, nemendur í 9. og 10. bekk Kerhólsskóla.

Á myndina vantar tvo nemendur þá Jón Marteinn og Andra Baldur.